

Fylgiskjal

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa

Alþingi

Erindi nr. P 116 / 252

komudagur 10 / 11 1992

**Umsögn um frumvarp til laga
um eftirlit með skipum**

Með frumvarpi þessu eru lög nr. 20/1986, um eftirlit með skipum, og 9. gr. laga nr. 20/1986, um Siglingamálastofnun ríkisins, numin úr gildi og ný heildarlöggjöf sett um þennan málaflokk.

Helstu breytingar frá gildandi lögum sem er að finna í frumvarpinu snertir ákvæði um haffæri skipa, hámarksaldur innfluttra skipa og farbann, auk þess sem meiri áhersla er lögð á mengunarvarnir í skipum og aðbúnað og hollustuhætti. Þá er lagt til að Siglingadómur verði lagður niður.

Ekki verður séð að frumvarpið feli í sér teljandi kostnaðarauka fyrir ríkissjóðs. Þá eru engar þær breytingar að finna í frumvarpinu sem kalla á aukið umfang Siglingamálastofnunar ríkisins og leitt gæti til hækkunar á skipaskoðunargjaldi.